

20. Frumvarp

til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út ný bankavaxtabrjef.

(Lagt fyrir Alþingi 1926).

1. gr.

Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt að gefa út bankavaxtabrjef, alt að 10 miljónum króna. Vaxtabrjefunum má skifta í flokka, og nefnist sá þeirra, er fyrst kemur til framkvæmda, 5. flokkur veðdeildarinnar og hinir í áframhaldandi töluröð þar á eftir. Fjármálaráðherra ákveður hvenær hverjum flokki skuli lokið, er stjórn Landsbankans hefir gert tillögur um það. Fyrstu fjögur árin, eftir að 5. flokkur er settur á stofn, veitist tillag til þessara veðdeildarflokka úr ríkissjóði 8000 kr. á ári.

2. gr.

Veðdeildin getur út skuldabryf er hljóða á handhafa (bankavaxtabryf), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Stjórn Landsbankans kveður á um lögur, útlit og fjárhæð bankavaxtabryfanna. Fjármálaráðherra og bankastjórn Landsbankans undirskrifa bankavaxtabryfin.

Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabryfum, en nemur fjárhæð þeirri, er veðdeildin á í veðskuldabryfum.

3. gr.

Auk veðskuldabryfa þeirra, sem veðdeildin fær frá lántakendum, skal trygging fyrir vaxtabryfum þessara flokka vera:

1. Varasjóður hvers flokks.
2. Sameiginleg ábyrgð lántakenda, er nemi alt að 10%, sbr. 8. gr.
3. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til trygginganna 1—3, skal gera það í þeirri röð sem að ofan er greint.

4. gr.

Í reglugerð fyrir hvern flokk, er bankastjórnin semur og ráðherra staðfestir, skal ákveðið, hversu háum vöxtum skuli svarað af bankavaxtabryfunum og hvar þeir skuli greiddast, svo og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúknningar sköttum og öðrum gjöldum til ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkissjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fje fyrir hendi, er greiddast á í ríkissjóð.

5. gr.

Veðdeildin er undanþegin öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum. Svo á hún rjett til að fá ókeypis eigna- og veðbókarvottorð, til afnota fyrir sjálfa sig.

6. gr.

Fje veðdeildarflokkanna má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum og húseignum með lóð í kaupstöðum og verslunarstöðum, en gegn veði í húseignum því að eins, að þær sjeu váttrygðar í váttryggingarstofnun, er bankastjórnin tekur góða og gilda.

Lánsupphæð má ekki fara fram úr $\frac{3}{4}$ af virðingarverði fasteignarinnar. Ennfremur er heimilt að veita lán bæjar-, sýslu- og sveitarfjelögum.

7. gr.

Eignir þær, sem veðdeildarflokkarnir taka að veði, skal á kostnað lánpaga virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð fyrir flokkana. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Landsbankans megi nefna til þá menn, er virða skuli veðin, og að hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sú er í hlut á, samþykki virðinguna. Svo skal lántakandi, að minsta kosti á hverjum 5 ára fresti, meðan lánið stendur, sýna skirteini sem bankastjórnin tekur gild fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að veðdeildarflokknum geti verið nein hættu búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda bankastjórn Landsbankans þetta skirteini, má stjórn bankans láta skoðunargerð af innanhjeraðsmönnum fram fara á kostnað lántakanda.

8. gr.

Lántakendur veðdeildarflokkanna skulu, auk þess að bera ábyrgð á sinum eigin skuldum, ábyrgjast sameiginlega (in solidum) skuldbindingar hvers flokksins, þó eigi meira en 10% af því, sem lán þeirra námu á síðasta gjalddaga, áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar: Skal í reglugerð deildarinnar ákveða hvenær grípa skuli til þessarar sameiginlegu ábyrgðar, og hvernig henni að öðru leyti skuli vera fyrir komið.

9. gr.

Eigi má lána nema gegn 1. veðrjetti. Minsta lán skal vera 300 kr., og skulu lán jafnan standa á hundraði króna.

Lánstíminn má vera alt að 40 árum, sje veðið jarðeign eða vandað steinsteypuhús eða steinhús, og alt að 30 árum, sje veðið vandað timburhús. Sje lánið bæjarlán, sýslulán, eða sveitarlán, skal því lokið á eigi lengri tíma en 40 árum.

10. gr.

Lán þau, sem veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabrjefum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rjett til að heimta að bankastjórnin annist um að koma bankavaxtabrjefunum í gjaldgenga peninga end-

urgjaldslaust, ef þess er kostur, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir og verðfall.

Veðdeildin hefir þó jafnan rjett til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hún getur fengið fyrir þau, að frádregnum öllum kostnaði. Semja má um sölu bankavaxtabrjefa þessara flokka fyrir fram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki fjármálaráðherrann söluverðið.

11. gr.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð flokksins um leið og hann tekur lánið.

Þó er heimilt að ákveða í reglugerð, að lántökugjaldið greiðist í tvennu eða fernu lagi.

Heimilt er veðdeildinni við hver eigendaskifti að heimta lánið borgað aftur að öllu eða nokkru leyti.

Verði eigendaskifti að fasteign, sem veðsett er veðdeildinni, skal kaupandi þegar um leið og kaupin gerast, tilkynna veðdeildinni eigendaskiftin.

12. gr.

Vilji nýr kaupandi taka að sjer greiðslu á láni úr þessum flokkum, skal hann leita samþykkis Landsbankastjórnarinnar um það. Samþykki hún, að hinn nýi kaupandi taki lánið að sjer, skal hann innan 6 mánaða frá kaupdegi sanna eignarrjett sinn fyrir bankastjórninni og taka lánið að sjer.

13. gr.

Lánnum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefir undirgengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á rjettum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sjer, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátrygðum húseignum, er að veði eru, og talin eru með í matinu, eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eður afgangi, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar, eða nýr kaupandi vanrækir að taka lán að sjer, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga undir eins án uppsagnar.

14. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við þessa flokka og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga. Árlegt tillag til að borga kostnað við flokkana og til varasjóðs er $\frac{1}{2}$ % á ári af upphæð lánsins, eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undan-genginnar uppsagnar, greiða auka afborganir af skuld sinni, þó ekki minna en 100 kr. í einu, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabrjefum hlutadeigandi flokks eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tíma árs má og borga lán að fullu ef bankastjórnin samþykkir, þó því að eins, að það sje veðdeildarflokknum að skaðlausu.

15. gr.

Sjerhver skuldunautur, sem hefir eigi innan 1. nóvember borgað árleg gjöld sín, er hann átti að lúka á næst undangengnum gjalddaga, skal í dráttarvöxtu af nefndum gjöldum greiða 2 af hundraði fyrir hvern mánuð frá 1. nóvember til borgunardags, og skal þá sá mánuður, sem komið er fram í, teljast sem heill.

16. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa skuldabryf þau, er hlutaðeigandi veðdeildarflokkur hefir gefið út, ettir hlutkesti, sem notarius publicus hefir umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefir fram farið, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabryfum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugerð veðdeildarflokkanna. Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara er áður segir, innleysa bankavaxtabryf í stærra stíl.

17. gr.

Eigendur bankavaxtabryfa þeirra, er innleysa skal, geta gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólum upp frá því. Sama rjett hafa handhafar bryfanna þótt eigi sjeu eigendur.

18. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð hlutaðeigandi veðdeildarflokks, sje þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

19. gr.

Nú glatast bankavaxtabryf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bryfsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar og í samsvarandi auglýsingarblöðum erlendis, þar sem ætla má að bryfin sjeu í umferð. Ef enginn getur sig fram með bryfið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið banda hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabryf með sömu upphæð, sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabryfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum. -- Um ógilding annara bankavaxtabryfa fer ettir almennum lögum.

20. gr.

Bankavaxtabryf þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur

skal ónýta þau undir eins ásamt vaxtamiðum og stofnum (talons) þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirslu deildarinnar, og skal svo við lok næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda ásamt vaxtamiðum þeim, er innlestir hafa verið það reikningsár.

21. gr.

Vaxtamiða og vaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í veðdeildinni í Reykjavík.

Í reglugerð veðdeildarflokkanna skal ákveða á hvern hátt borga skuli út erlendis vaxtamiða og bankavaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga.

22. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 13. gr.) hefir veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr. eða láta leggja það veðdeildiinni út til eignar, ef þörf er á. — Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neins konar dómsskoti.

Veðdeildin hefir aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sje rjett og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu. Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara á skrifstofu uppboðshaldara.

23. gr.

Fje ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal viðlagasjóðs, má verja til að kaupa bankavaxtabrjef þessara veðdeildarflokka, en þó eigi hærra verði en skráðu gangverði og aldrei hærra en ákvæðisverð þeirra er.

24. gr.

Þá er lokið er skuldbindingum hvers þeirra veðdeildarflokka, er stofnaðir verða samkvæmt lögum þessum, rennur varasjóður hans til næsta flokks, og svo áfram. Þegar lokið er skuldbindingum síðasta flokksins rennur varasjóðurinn til þess eða þeirra veðdeildarflokka eða veðlánastofnana, sem stofnsett verða til að halda áfram veðlánastarfseminni eftir að lokað er síðasta flokki samkvæmt þessum lögum. Verði slíkum nýjum flokkum eða veðlánastofnunum fengin aðgreind starfssvið, skiftist varasjóðurinn milli þeirra, svo að hvert starfssvið njóti rjettrar ítölu þeirrar, er varasjóðnum hefir þaðan aflast.

25. gr.

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans, og reikningar hennar eudurskoðaðir af endurskoðendum þess banka. Fyrir bókfærslu, reikningshald og til annars nauðsynlegs kostnaðar má greiða allt að 8000 krónum. Til endurskoðenda má verja 500 kr. til hvors.

Lög þessi ganga í gildi nú þegar.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Þegar ákveðið var á Alþingi 1925 að skipa millþinganefnd í bankamálum var það fram tekið, að meðal þeirra verkefna, sem nefndinni væri ætlað að leysa af hendi, skyldi vera undirbúningur löggjafar um fasteignaveðlán, en slík löggjöf var nauðsynleg og vegna þess að 4. flokkur veðdeildar Landsbankans var á þrotum, og er nú alveg uppgenginn. Eftir tilmælum stjórnarinnar um að hraða þessu máli, sendi nefndin með bræfi 3. febr. 1926 frumvarp til laga, samnefnt því, er hjer liggur fyrir, ásamt athugasemdum. Stjórnin getur í öllum aðalatriðum fallist á uppástungu nefndarinnar, og er frv. það, er hjer liggur fyrir, að mestu leyti gert eftir frv. nefndarinnar, að frátöldum örfáum efnisbreytingum og nokkrum orðabreytingum. Skal hjer gerð grein fyrir helstu breytingunum frá nefndarfrv., en að öðru leyti vísað til athugasemda nefndarinnar, sem prentaðar eru í heild hjer aftan við.

Um 1. gr.

Ástæða þykir til að hafa útgáfuheimild fyrir 10 milj. kr. í stað 8, sem nefndin stingur upp á, sökum þess að ekki þykir ólíklegt að lánveitingar verði meiri og upphæðin því gangi fyr til þurðar en nefndin og Landsbankastjórnin gera ráð fyrir, einkum ef bærilega tekst til með sölu vaxtabrjefanna. Þá hefir og þótt rjett að ákveða beinlínis að næsti flokkurinn nefnist 5. flokkur veðdeildar, og svo áfram. Felt er úr nefndarfrv. ákvæði er skyldar til að verja ákveðinni upphæð árlega í 4 ár til þess að auglýsa vaxtabrjefin, því að slíkt lagaþóð getnr orðið alveg óviðeigandi, ef t. d. er samið fyrirfram um sölu vaxtabrjefa, og virðist yfir höfuð fremur eiga heima í reglugerð en í sjálfum lögnum.

Um 3. gr.

Orðabreytingar á þessari grein og ýmsum öðrum gr., sem eigi verður um getið sjerstaklega, miða að því að gera það ljóst, sem líka virðist hafa vakað fyrir nefndinni, að hver þeirra flokka, sem stofnsettir verða eftir þessum lögum, á að vera sjálfstæð heild á sama hátt og veðdeildarflokkar þeir, sem hingað til hafa verið stofnsettir með aðskildum fjárhag. En þar að auki er hjer sú breyting gerð á till. nefndarinnar, að upp er tekin sameiginleg ábyrgð lántakenda. allt að 10%, eins og ákveðið er í lögnum um 4. fl. veðdeildar. Það má að vísu

segja að þessi sameiginlega ábyrgð sje ekki allskostar eðlileg, meðan lántakendur taka ekki þátt í stjórn stofnunarinnar, en þar sem hjer er einungis að ræða um bráðabirgðarskipulag, i beinu framhaldi af 4. fl. veðdeildar, og þar sem ekki þykir rjett að auka ábyrgð ríkissjóðs með því að fella burt tryggingu á undan þeirri ábyrgð, án þess þá að setja neitt annað í hennar stað, þá er stungið upp á að halda sömu ákvæðum um þetia, sem giltu nm 4. flokk.

Um 8. gr.

Hún er ekki í frv. nefndarinnar, en leiðir beint af ákvæðinu um sameiginlega ábyrgð i 3. gr. þessa frv.

Um 15. gr.

Nefndin stingur upp á að dráttarvextir, sem voru 1% fyrir hvern ábyrjaðan mánuð i reglugerð 4. flokks, verði 5% fyrir hvern ábyrjaðan mánuð. Þetta þykir alt of langt farið, og er ákvæðið hjer orðað þannig, að fyrir greiðslu i fyrsta mánuði eftir gjalddaga verða dráttarvextir eins og áður, 2%, en síðan bætast 2% við fyrir hvern ábyrjaðan mánuð.

Um 24. gr.

Greinin er orðuð öðru vísi en tilsvarendi grein, (23. gr.) i nefndarfrv., meðfram fyrir þá sök, að orðalag hennar gerði einungis ráð fyrir einum flokki, og var því ekki i fullu samræmi við frv. að öðru leyti, en efnisbreyting er óveruleg.

Að öðru leyti er vísað til athugasemda nefndarinnar, en við samanburð þeirra við þetta frv. verður að hafa í huga að 8. til 24. gr. i nefndarfrv. svarar grein fyrir grein til 9.—25. gr. i þessu frv.

Athugasemdir millipinganefndarinnar i bankamálum við frumvarp hennar.

Nefndin hafði afráðið að haga störfum sínum þannig, að taka fyrst fyrir seðlaútgáfufyrirkomulagið, og síðan þau önnur verkefni sem henni voru falin enda gerir þingsályktunin um nefndarskipunina ráð fyrir því, að frumvarp um fyrirkomulag seðlaútgáfunnar verði afgreitt svo fljótt, að það verði lagt fyrir Alþingi 1926. Samkvæmt þessu var ráðgert að fresta ihugun um fyrirkomulag fasteignaveðlánastofnunar þar til nefndin hefði afgreitt seðlaútgáfumálið. — Þó voru gerðar undirbúningsráðstafanir um fasteignalánamálið.

En á síðastliðnu hausti tjáði fjármálaráðherra formanni nefndarinnar að IV. fl. veðdeildarinnar mundi útgenginn fyrir þing 1926; væri því brýn nauðsyn að nefndin gerði einhverjar tillögur um það mál fyrir þingið. — Ræddi nefndin síðan málið á nokkram fundum og var sammála um það, að óhugsandi væri, að tími ynnist til þess að gera tillögur um frambúðarfyrirkomulag á fasteignaveðlánsstofnun i landinu, nema, ef til vill, ef seðlaútgáfumálið væri látið verða útundan. En það taldi nefndin ekki heimilt. Auk þess taldi nefndin óheppilegan

tíma einmitt nú til þess að fastbinda slíkt framtíðarfyrirkomulag fasteignalána hjer á landi, aðallega af tveim ástæðum. — Ræktunarsjóðurinn er alveg nýtekinn til starfa og reynsla eigi enn fengin um hann. — Ef útvega á markað fyrir fasteignabrjef erlendis, að meira eða minna leyli, er tíminn nú óhentugur vegna þess að peningagengi vort og landa þeirra, sem hugsanlegt væri að keyptu slík brjef, er ekki enn orðið svo stöðugt, að komist verði hjá áhættu á annanhvorn bóginn, annaðhvort fyrir lánsstofnunina hjer og lánþega í henni, eða fyrir kaupendur brjefanna erlendis. Var því ákveðið að snúa sjer að því, sem bráðabirgðaráðstöfun, að gera tillögu um útgáfu nýrra bankavaxtabrjefa.

Leitaði nefndin svo álits Landsbankastjórnarinnar, sem með brjefi dags. 15. des. 1925, tjáði sig fylgjandi því að gerð væri sú bráðabirgðaráðstöfun að gefa út ný bankavaxtabrjef og gerði jafnframt ákveðnar tillögur um þær breytingar frá ákvæðum laga nr. 51, 10. nóv. 1913 (IV. fl. veðdeildarinnar), sem hún teldi æskilegt að gerðar væru í lögum um útgáfu nýrra bankavaxtabrjefa.

Nefndin fjelst að mestu á tillögur bankastjórnarinnar, og hefir auk þess gert nokkrar aðrar breytingar frá lögnum 1913, sem annars hafa verið höfð til fyrirmyndar við samning frumvarps þessa. Verður gerð nánari grein fyrir þeim hjer á eftir í aths. við einstakar greinar frumvarpsins, Verða þar og tilfærðar ástæður Landsbankastjórnarinnar fyrir breytingartillögum hennar.

Um 1. gr.

Grein þessi er orðuð samkv. tillögu bankastjórnarinnar. Síðasta setning greinarinnar: »Af þessum« til greinarloka er frá nefndinni.

Bankastjórnin segir í ástæðum sínum:

»Þar sem framundan er mikil óvissa um vaxtahæð, virðist nauðsyn á, að heimilað sje í lögnum, að skifta megi bankavaxtabrjefunum í flokka, ef þess yrði þörf vegna verulegrar breytingar á vöxtum alment, Annars gæti svo farið, að söluverð brjefanna yrði mjög óhagkvæmt vegna mismunar á vöxtum af brjefunum og annara vaxta.

Til starfrækslu 4. flokks voru lagðar 5000 kr. á ári fyrstu fjögur árin. Þar sem kostnaður við rekstur slíkrar deildar er miklu hærri nú, en áður var, virðist eigi mega ákveða tillagið úr ríkissjóði lægra en 8000 kr. á ári.

Upphæð sú, er hjer er nefnd — 8 milj. kr. — má gera ráð fyrir að nægi í 10 til 12 ár.

En þar sem hjer er eingöngu um bráðabirgðaráðstöfun að ræða mætti máské segja að upphæðin — 8 milj. kr. — sje óþarfllega há, ef hún á að endast í 10 til 12 ár. Nefndin hefir þó ákveðið að halda henni. Bæði er hjer um ágiskun að ræða, hve lengi upphæðin muni nægja, sem draga mætti í efa hvort stæðist, sjerstaklega með tilliti til þess, að gera má ráð fyrir að bygt verði óvenjulega mikið, aðallega í Reykjavík og nærlendis, einmitt á næstu árum, til 1930. Auk þess er hjer stungið upp á fyrirkomulagi, sem gerir mögulegt að loka flokki og hælta öllum lánveitingum, hve nær sem komið væri á fót öðru fasteignalánafyrirkomulagi. Ætti því ekki að verða að sök þótt upphæðin sje ákveðin rifleg. Með því móti ætti og að vera útilokað að enn nýja löggjöf þyrfti um þetta áður en bundinn er endir á fyrirkomulag fasteignalána. En nefndin tekur það skít

fram, að upphæðin breytir engu um þá skoðun hennar, að hjer eigi að eins að vera um *bráðabirgarádstöfun* að ræða.

Nefndin telur heppilegt að gert sje eitthvað til að auglýsa bankavaxta-brjefin og gera almenningi kunnugt að hentugt sje að verja spariþje sinu til kaupa á bankavaxtabrjefum. Auk þess að fastbinda að varið sje ákveðinni upphæð árlega til slíkra auglýsinga, ætlast nefndin til að niðurlagsákvæði greinarinnar geti orðið til þess að bankastjórnin hafi jafnan vakandi auga á því að reyna að útvega markað fyrir brjefin. Einn nefndarmanna, Magnús Jónsson, telur nægilegt að þetta sje orðað sem *heimild* fyrir bankastjórnina.

Um 2. gr.

Greinin er samhljóða að efni 2. gr. laga 1913.

Um 3. gr.

Greinin er samhljóða 3. gr. l. 1913, nema að kipt er burtu ákvæðinu um sameiginlega ábyrgð lántakenda fyrir alt að 10%.

Nefndin telur ákvæði þetta geta verið til þess að gera veðdeildarlánin óaðgengilegri í augum sumra lántakenda, en hinsvegar ekki vera af atriði um verðmæti bankavaxtabrjefanna, sem telja verður fulltrygð að öðru leyti.

Það leiðir af þessari breytingu að 8. gr. l. 1913 er ekki tekin upp í frv. þetta.

Um 4. og 5. gr.

Samhljóða að efni 4. og 5. gr. l. 1913. Orðalagið í byrjun 4. gr. »hvean flokk« er afleiðing af 1. gr.

Um 6. gr.

1. málsg. er samhljóða 1. málsg. 6. gr. l. 1913. Tvær síðustu málsg. koma í stað síðustu málsg. í 6. gr. laga 1913, sem hljóðar svo: »Lánsupphæðin má ekki fara fram úr helmingi af virðingarverði fasteignarinnar«.

Breyting þessi er gerð eftir tillögu Landsbankastjórnarinnar, sem segir í ástæðum sínum:

»Úr fjórða flokki veðdeildarinnar hafa verið veitt lán til bæjar-, sveita- og sýslufjelaga samkvæmt 9. gr. laganna frá 1913. Virðist þó rjettara að taka þessa heimild upp í 6. gr, þar sem í þeirri grein eru talin þau lán er veita megi.

Í lögnum um fjórða flokk veðdeildarinnar er heimilað, að lánsupphæðin megi vera alt að helmingi virðingarverðs. Undanfariin ár hafalánin verið allmikið fyrir neðan þetta hámark, vegna hins óvissa verðlags og gjaldeyrisgengis hefir þótt sjerstök ástæða til þess að fara varlega í sakirnar. Meðfram hefir það haft áhrif í þessu efni, að virðingargærðir hafa verið ærið misjafnar og því eigi nothæfar sem skyldi. Á síðustu árum hefir allmikið unnist í þá átt, að virðingargærðir eru ábyggilegri og fullkomnari, en áður var, og vænta má enn bóta í þessu efni. — Með tilliti til þessa verður að teljast áhættulaust að heimila lánveitingu alt að $\frac{2}{3}$ virðingarverðs. Sú heimild yrði að sjálfsögðu eigi notuð fyr en festa er komin á verðlagið og þá að eins, er fyrir liggja í alla staði fullkomnar virðingargærðir«.

Nefndin lítur svo á að treysta verði bankastjórninni til þess að ákveða í hverju einstöku tilfalli hve mikið megi lána af virðingarverði svo fulltrygt sje, þótt hámarkið sje hækkað þetta. Hinsvegar virðist sanngjarnt að lánið sje eigi einskorðað við helming virðingarverðs hve gætilega sem virt er, sjerstaklega með því að hjer fæst að jafnaði hvergi lán gegn 2. veðrjetti í fasteignum sem stendur. Enda gott eftirlit með virðingum og gætileg lán, mun meiri trygging fyrir örygg brjefanna, en lagaákvæði um helmingshámark, ef hins er ekki gætt.

Um 7. gr.

Greinin er samhljóða 7. gr. í l. 1913.

Um 8. gr.

Í l. 1913 er hámark lánsupphæðar ákveðið 50 þúsund kr. Landsbankastjórnin lagði til að það yrði fært upp í 150,000 kr. með þeim ástæðum að í þessu felist »í sjálfu sjer engin breyting frá því sem var, þegar tillit er tekið til rýrnunar þeirrar, er orðið hefir á gildi peninga. Sjerstaklega með tilliti til Reykjavíkur álitum vjer að hámarkið megi ekki vera lægra, og það jafnvel þótt gert sje ráð fyrir að ísl. gjaldeyair nái aftur gullgildi. Það má búast við að hjer í bæ, verði á komandi árum bygð stór fjölbýlishús og er það nauðsyn að sjá þeim er byggja slik hús, fyrir sæmilegum 1. veðrjettarlánum«.

Nefndin vill fara skrefi lengra, en það sem landsbankastjórnin telur vera lægsta hámarkið og leggja það á vald bankastjórnarinnar í hverju einstöku tilfalli hve hátt lán skuli veita.

Hámarkslánstími út á stein- eða steinsteypuhús og timburhús er hjer lengdur um 5 ár, frá því sem var 4. fl. eftir tillögu bankastjórnarinnar.

Um 9. gr.

Samhljóða að efni 10. gr. 1. 1913.

Um 10. gr.

Hjer eru gerðar tvær breytingar frá 11. gr. 1. 1913.

1. að ákveða megi í reglugerð að 1% lántökugjaldið greiðist í tvennu eða fernu lagi. Er það gert eftir tillögu bankastjórnarinnar, til þess að ljetta fyrir lántakendum.
2. Felt er burt sjerstakt gjald 10/0, er greiðast átti í varasjóð við hver eiganda-skifti.

Bankastjórnin lagði til að gjald þetta yrði fært niður í 1% og segir, að það virðist nægilega hátt. En nefndin telur varasjóði 1% svo lítinn tekjubæti, að hans vegna sje óhætt að fella gjaldið alveg niður.

Gjaldi þessu, sem var nýjung í ákvæðum veðdeildarinnar 1913, mun hafa verið ætlað að ljetta eftirlitið með því, að menn tilkyntu eigendaskifti að fasteignum, sem veðsettar væru veðdeildinni, og átti það að tvöfaldast ef eigendaskiftin voru eigi tilkynt með næsta pósti eftir að salan fór fram. Eftir því sem nefndinni er tjáð af bankastjórn og starfsmönnum veðdeildarinnar, og nefndinni er raunar kunnugt á annan hátt, hefir gjald þetta verið mjög óvinsælt. Menn

hafa átt erfitt með að fallast á, að það væri rjettlát aukabyrði, sem með því er lögð á lánþega í veðdeild. Svo virðist og sem þetta aukagjald geti freistað manna til þess gagnstæða því, sem því er ætlað, þ. e. að tilkynna *ekki* eigendaskifti í því skyni, að reyna að komast hjá gjaldinu. Enda er nefndinni tjáð, að slíkt komi eigi sjaldan fyrir.

Af þessum ástæðum telur nefndin rjett, að fella gjaldið alveg niður.

Um 11., 12., 13., 15., 16. og 17. gr.

Greinar þessar eru að efni samhljóða 12., 13., 14., 15., 16. og 17. gr. í l. 1913.

Um 14. gr.

Slík ákvæði eru ekki í l. 1913, en í *reglugerð* veðdeildarinnar. eru þar ákveðnir 1% dráttarvextir fyrir hvern mánuð, af reglulegum árlegum veðdeildargjöldum, sem eigi eru greidd innan 1. nóvember.

Nefndinni þykir rjettara, að lagaheimild sje fyrir slíku refsigjaldi. Hinsvegar er nefndinni tjáð, að gjaldið sje svo lágt, að það nái alls eigi tilgangi sínum, að hvetja menn til greiðslu á rjettum gjalddaga. Ársgreiðslur eru að jafnaði svo lágar upphæðir, t. d. fjöldi þeirra innan við 100 krónur alt niður í 25 krónur, að 1% af þeim munar fáa um. Enda er nefndinni tjáð, að ýmsir menn, sem auðveldlega geta greitt á rjettum gjalddaga, hafi þá venju, að láta greiðsluna dragast einn mánuð eða fleiri fram yfir. Slíkri stofnun, sem veðdeildinni, er svo brýn nauðsyn á, að ársgjöld greiðist reglulega, að sjálfsagt virðist að ákveða dráttarvexti svo háa, að menn láti sig muna eitthvað um þá.

Í þessu sambandi þykir rjett að benda á hvort eigi væri rjett að rýmka greiðsludagana fyrir árgjöld og uppborgun lána frá því sem nú er, 1.—14. október, og hafa þá allan októbermánuð. Enda falla nú eigi á dráttarvextir ef greitt er fyrir 1. nóvember.

Um 18. gr.

Samhljóða 18. gr. í l. 1913, nema í l. 1913 er ákveðið að auglýsa skuli bjeftin í Ríkisútdindum í Kaupmannahöfn, en hjer sett í staðinn: »í samsvarandi auglýsingablöðum erlendis, þar sem ætla má að brjeftin sjeu í umferð«. Þessi breyting virðist eðlileg og þarf væntanlega ekki frekari skýringar.

Um 19.—21. gr.

Samhljóða 19.—21. gr. í l. 1913.

Um 22. gr.

Í l. 1913 endar 22. gr. svo: »eða sjeu bankavaxtabrjeftin verðlögð í erlendum kauphöllum, þá eigi hærra verði en síðasta verðlag á þeim þar, er menn vita um í Reykjavík«. Þetta er felt burt, en greinin látin enda svo: »en þá eigi hærra verði en skráðu gengisverði og aldrei hærra en ákvæðisverð þeirra er«. Orðalag þetta virðist heppilegra, einnig með tilliti til þess, að væntanlega dregst ekki lengi, að skráð verði verðlag þessara brjefa hjer á landi.

Um 23. gr.

Grein þessi er sett inn eftir tillögu bankastjórnarinnar með þeim ástæðum, að varasjóð, sem safnast kunni, megi skoða sem eign lántakenda, en þar sem eigi virðist framkvæmanlegt að skila honum til rjettra hlutadeigenda, virðist rjett og eðlilegt, að honum sje ráðstafað á þann hátt, sem segir í greininni.

Um 24. gr.

»8000 kr.« í samræmi við 1. gr. Þóknun endurskoðenda var 300 kr í l. 1913, en er hjer sett 500 kr. Greinin að öðru leyti samhljóða 23. gr. l. 1913.

Um lokaákvæðið.

Þar sem 4. fl. veðdeildarinnar er nú þegar tæmdur, er æskilegt, að lög þessi komist til framkvæmda sem allra fyrst, svo sem styst verði bilið, er veðdeildarlán eru ófáanleg.